



Alþingi
Erindi nr. P 128, 1355
komudagur 27.2.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 048/2003 ÞS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 14. febrúar 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 538. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Stjórnin vekur athygli á að í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að félagsmálaráðherra fái heimild, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, til að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald, útgáfu fræðsluefnis, faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila.

Samstarfsaðilar stofnunarinnar eru m.a. sveitarfélög og stofnanir þeirra. Af þeirri ástæðu þarf tvímælaust að liggja fyrir mat á auknum kostnaði sveitarfélaga vegna þessa ákvæðis 6. gr. Vísast í því sambandi til 4. töluliðar samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 4. desember 2002. Þar segir að tilraunaverkefni um kostnaðarmat skuli tekið upp 1. janúar 2003 og nái það til allra stjórnarfrumvarpa og reglugerða sem m.a. eru undirbúin í félagsmálaráðuneytinu. Slíkt kostnaðarmat fylgir ekki frumvarpinu og reglugerðin liggur ekki fyrir og hefur þar af leiðandi ekki verið kostnaðarmetin.

Af ákvæðum frumvarpsins er engin leið að átta sig á hvaða þjónusta stofnunarinnar við sveitarfélögin verður gjaldskyld samkvæmt fyrirhugaðri reglugerð. Einnig er ljóst að sveitarfélögin eiga í mörgum tilvikum engra annarra kosta vól en leita eftir þjónustu þessarar stofnunar, sem þar með hefur einokunaraðstöðu á þjónustu við þau á vissum sviðum.

Af framangreindum ástæðum er lagt til að sveitarfélög og stofnanir þeirra verði undanskildar gjaldtöku vegna þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og ákvæði þess efnis bætt inn í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar sinnir margháttaðri þjónustu og ráðgjöf við sveitarfélög og stofnanir þeirra. Því er lagt til að reglugerð sem félagsmálaráðherra setur um framkvæmd laga um stofnunina sbr. 9. gr. verði sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. febrúar 2003.

Þórunn Skúlason
framkvæmdastjóri